

Alþingi
Erindi nr. P 137/117
komudagur 8.6. 2009

Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri 5.júní 2009

Efni: Umsögn Háskólans á Akureyri (HA) um „Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur“.

Almenn umfjöllun

Maðurinn hefur í aldaradír bæði leynt og ljóst notað kynbætur til að breyta erfðaeiginleikum plantna og dýra sér i hag. „Erfðatækni“ sú sem þróuð hefur verið á síðustu árum getur aukið skilvirkni kynbóta og gefið ný afbrigði sem auka hagsæld og bæta heilsu manna, dýra og plantna. Óþarfi er að setja þessa tækni á annan bás en aðrar kynbætur þó er rétt að gæta siðferðis og höfða til samfélagslegrar ábyrgðar varðandi beitingu hennar. Frumvarpið og lög þau sem breyta á gefa sér að erfðabreyttar lífverur séu skaðlegar og óæskilegar (1.gr) nokkuð sem ekki er stutt með neinum rökum eða tilvísunum. Lög sem byggð eru á svo veikum grunni og fordómum eru líklegri en ekki til að veikja stöðu íslenskra neytenda og fyrirtækja.

Athugasemdir við einstakar greinar.

1.gr.

Fyrri setning greinarinnar „Markmið laga þessara er að vernda náttúru landsins, líffræðilega fjölbreytni, vistkerfi, plöntur og heilsu manna og dýra gegn skaðlegum og óæskilegum áhrifum erfðabreyttra lífvera“ er mjög leiðandi og afgerandi hvað varðar afstöðu löggjafans um erfðabreyttar lífverur. Þetta er sérstaklega ámælisvert í ljósi þeirra breytinga sem koma fram í 7.gr. um aðkomu almenninga. Ef lögin gefa það sterklega til kynna að erfðabreyttar lífverur séu skaðlegar og ala þannig á fordómum hvernig á „almenningur“ þá að komast að annarri niðurstöðu?

HA leggur til að setningin verði umorðuð og verði þannig: „Markmið laga þessara er að vernda náttúru landsins, líffræðilega fjölbreytni, vistkerfi, plöntur og heilsu manna.“

Til vara þannig „Markmið laga þessara er að vernda náttúru landsins, líffræðilega fjölbreytni, vistkerfi, plöntur og heilsu manna og dýra gegn hugsanlegum skaðlegum og óæskilegum áhrifum erfðabreyttra lífvera“.

Seinni setningin „Tryggja skal að framleiðsla og notkun erfðabreyttra lífvera fari fram á siðferðilega og samfélagslega ábyrgan hátt í samræmi við varúðarregluna og grundvallarregluna um sjálfbæra þróun“. verði þannig:

„Lögin skulu tryggja að framleiðsla og notkun erfðabreyttra lífvera fari fram á siðferðilega og samfélagslega ábyrgan hátt í samræmi við varúðarregluna og grundvallarregluna um sjálfbæra þróun.“

2.gr.

Gerð er athugasemd við að bæta inn „ræktun“ án frekari skýringa og leggur HA til að orðið verði fellt burt.

3. gr.

Hugtakið „ræktun“ ætti að skýra í „Orðaskýringum“ ef það verður tekið upp í lokatexta frumvarpsins (sjá 2.gr hér ofan). Er með „ræktun“ átt við ræktun innan og utan rannsóknastofa þ.m.t. lokuðum örveruræktum, lokuð gripahús, lokuð gróðurhús og lokaðir reitir eða bara ræktun úti í náttúrunni og hver er þá munurinn á ræktun og sleppingu?

Hvað á löggjafinn við með orðinu „áhrif á fólk“ í c-lið. Líkamleg og þá hver og hvernig mæld? Eða eru sálræn áhrif talin með hér?

5.gr.

Mikilvægt er að „nefndin“ fái skilgreindan og takmarkaðan tíma til að skila álit og umsögnum.

Tillaga að viðbót: „Í starfsreglum nefndarinnar skal skýrt koma fram umþóttunartími nefndarinnar til að skila álit og umsögnum“

7.gr.

Markmið þessa kafla (IV kafla) óljós og ekki rökstuddur. HA leggur ríka áherslu á að almenningur geti tekið upplýsta ákvörðun nýtingu erfðabreyttra lífvera en ekki er hægt að sjá hvernig þessi kafli nýtist í þeim tilgangi. Ef ætlun löggjafans er að gefa almenningi val um hvort viðkomandi nýti vöru sem að öllu leyti eða að hluta er gerð úr erfðabreyttum lífverum er nær að nota merkingu á vörum til að gefa almenningi kost á að velja eða hafna.

Liður a. í 7.gr. opnar fyrir það að, þess vegna, lítill hópur geti hindrað markaðssetningu á vöru sem aðrir hefðu áhuga á að kaupa. Standi liður a í 7.gr. óbreyttur þá verður ekki lengur þörf á merkingu á vörum með erfðabreyttum lífverum þar sem búið er að samþykkja hana „í eitt skipti fyrir öll“.

Í IV kafla lið a. skal bæta við (t.d. eftir 1. Málsgrein) eftirfarandi: „Umhverfisstofnun skal með „úrdrætti úr umsókn“ og „matskýrslum“ kynna öll nauðsynleg gögn til að almenningur geti sett fram upplýstar athugasemdir, til þessara gagna teljast m.a. röksemdir umsækjanda og röksemdir þeirra sem mæla gegn nýtingu“.

14.gr

c-liður. Ekki er gerð athugasemd við að setja og vinna eftir gjaldskrá. Hinsvegar væri eðlilegt að Umhverfisstofnun leitaði tilboða sjálfstæðra sérfræðinga, rannsókná- og /eða ráðgjafafyrirtækja í nefnda vinnu. Þó skal þess gætt að sú ráðstöfun tefji ekkiheildarumsagnarferlið frekar.

F.h. Háskólans á Akureyri

Hjörleifur Einarsson, prófessor
Skorarformaður raunvísindaskorará HA
Borgum
600 Akureyri